

Fundargerð : 14. október 2024 kl. 12 – Skrifstofa TSÍ

Fundinn sátu: Magnús formaður, Mia aðalmaður, Andri Jóns; varamaður

1. Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Nýtt fundarskipulag

- Lagt var til að Raj mæti á fund annan hvern skipti, eða eftir þurfum.

3. Staða fjármála

- Vegna fjarveru Kristínar, var ákveðið að fresta umræðu um þetta mál til næsta fundar.

4. Fréttir af aðalfundi ITF

- Magnús greindi frá nýlegum aðalfundi ITF, þar sem helstu breytingar og reglur voru ræddar. ITF vinnur að nýju kerfi sem staðlar mótahald og einfaldar skráningarferli.
- Heildar árgjaldskostnaður félagsins hjá ITF er 7,000 USD, þar sem árgjaldið hækkar um 6%. TSÍ hefur eitt atkvæði á ITF-þinginu, og gjaldtaka er byggð þannig að öll aðildarlönd greiða grunnfé 1,000 USD ásamt 6,000 USD fyrir hvert atkvæði.
- Magnús mun senda kynningu með yfirliti yfir það sem var rætt og ákveðið á ársþinginu sem haldið var í Hong Kong.

5. Lagabreytingar til að leggja fyrir næsta tennisþing

- Rætt var um mikilvægi þess að uppfæra lög félagsins til að mæta nútímakröfum. Ákveðið að undirbúa tillögur um breytingar, og leggja þær fyrir næsta tennisþing.
- Einnig var rætt að fá aðstoð sérfræðinga, svo sem Jónasar og Raj, til að tryggja að breytingarnar verði heildstæðar og samræmdar þörfum félagsins.

6. Gullmerki TSÍ

- Tillaga um að veita (X) Gullmerki Tennisfélags Íslands í ár var rædd, í ljósi afreka og framfara sem viðkomandi hefur stuðlað að innan félagsins. Stjórn mun taka endanlega ákvörðun á næsta fundi og ferlið verður endanlega skoðað.

7. Önnur mál

- Rætt var um að halda áfram vinnu við að einfalda innra kerfi félagsins og efla félagsaðild. Lögð var áhersla á að laða fleiri nýja félaga til félagsins og styrkja þátttöku ungmenna í tennis.

Fundi slitið kl. 12. 50